

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skaptafellssýslu um flutning þing- 130 staðar. Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi yðar, 6. ágúst. dagsettu 15. júní þ. á., og eftir beiðni hreppsnefndarinnar í Leiðvallahreppi, vil jeg hjer með samþykkja, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Leiðvelli að Langholti, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði hæfilegt hús til þinghaldanna á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántökuleyfi handa prestakalli. 131 Samkvæmt tillögum hinna heiðruðu stiptsyfirvalda í þóknanlegu brjefi, dagsettu 12. ágúst. 10. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að presturinn í Holtapingum, sjera Ófeigur Vigfússon, taki allt að 1000 kr. embættislán úr landssjóði gegn tryggingu í tekjum prestakallsins til að gjöra á prestssetrinu Guttormshaga íbúðarhús úr timbri 18 álna langt og 9 álna breytt, járnþakið og járnvarðið á hliðum og göflum, fullar 4 álnir undir lopt, með kjallara undir hálfu húsinu og með herbergjaskipun þeirri, er tilgreind er í áðurnefndu þóknanlegu brjefi yðar. Þó er þetta lántökuleyfi þeim skilyrðum bundið, að lánið verði endurborgað á 20 árum samfleytt, að telja frá því lánið er tekið, með $\frac{1}{20}$ hluta lánsins á ári, auk vaxta, að sannað verði með skoðunargjörð þar til útnefndra manna, að húsið sje vandað að efni og smíði að öllu leyti, að húsinu fylgi nægilegir ofnar og eldavejel, að húsinu undir eptirliti prófasts sje haldið í eldsvoðatryggingu fyrir minnst 2000 krónur, að hið nýja hús verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd hús, er áður hafa fylgt prestakallinu: baðstofa, stofa, búr og eldhús með tilheyrandi göngum og dyrum, og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför eða fráfali hans í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er hinum heiðruðu stiptsyfivöldum hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um eptirlaun prestsekkju. Með 132 þóknanlegu brjefi, dagsettu 18. þ. m., hafið þjer, háæruverðugi herra, látið uppi 26. ágúst. álit yðar um erindi frá prestsekkju Steinunni Eiríksdóttur, þar sem hún spyrst fyrir um það, hvort sjer eigi sem ekkju Páls prests Pálssonar í Þingmúla hafa borið náðarárspeningar af hinu sameinaða Þingmúla og Hallormsstaðarprestakalli, er maður hennar þjónaði, enda þótt hún einungis hafi fengið náðarárshluta greiddan af Þingmúlabrauði. Hafið þjer tekið það fram, að sjera Páli heitnum Pálssyni hafi á sínum tima verið veitt Þingmúlaprestakall, en að hann að eins hafi verið settur til þess fyrst um sinn að þjóna Hallormsstaðarprestakalli (sbr. Stj.tíð. 1881, B, bls. 48), og að sú skipun hafi haldizt til dauðadags hans. Álítið þjer því, að umgetinni prestsekkju hafi ekki borið náðarárs-